

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1166****2023/EES/62/52****frá 15. júlí 2021****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á þeirri dagsetningu sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augsyn fjarflugmanns koma til framkvæmda (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 4. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 ⁽²⁾ er aðildarríkjunum einungis heimilt að samþykkja, frá og með 2. desember 2021, yfirlýsingar umráðenda ómannaðra loftfarskerfa (UA-kerfa), í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, að því er varðar starfrækslu sem uppfyllir eina af tveimur stöðluðu sviðsmyndunum sem settar eru fram í 1. viðbæti við viðaukann við þá framkvæmdarreglugerð.
- 2) Framleiðendur UA-kerfa telja samhæfða staðla vera mikilvægt tæki til að gera þeim kleift að setja á markað UA-kerfi sem uppfylla gildandi kröfur.
- 3) Hins vegar munu nokkrir samhæfðu staðlanna, sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkunum C5 og C6, ekki verða tiltækir fyrir 2. desember 2021.
- 4) Því er nauðsynlegt að fresta deginum sem þessi gerð kemur til framkvæmda til að tryggja að samhæfðu staðlarnir, sem varða gildandi kröfur um UA-kerfi í flokkunum C5 og C6, séu tiltækir áður en aðildarríkjunum er einungis heimilt að samþykkja yfirlýsingar, að því er varðar starfrækslu, sem eru í samræmi við stöðluðu sviðsmyndirnar sem ákvarðaðar eru í 1. viðbæti við viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947. Þangað til ættu aðildarríki að geta samþykkt yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar, sem byggðar eru á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2., 3. og 4. mgr. 23. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/947 kemur eftirfarandi:

„2. Ákvæði 5. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 3. desember 2023.

3. Ákvæði g-liðar 2. liðar í UAS.OPEN.060 í viðaukanum og l-liðar 1. liðar í UAS.SPEC.050 í viðaukanum skulu koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947 frá 24. maí 2019 um reglur og verklagsreglur fyrir starfrækslu ómannaðra loftfara (Stjtið. ESB L 152, 11.6.2019, bls. 45).

4. Með fyrirvara um 1. mgr. 21. gr. er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja, fram til 2. desember 2023, yfirlýsingar umráðenda UA-kerfa, í samræmi við 5. mgr. 5. gr., sem byggðar eru á landsbundnum, stöðluðum sviðsmyndum eða jafngildum sviðsmyndum, ef þær uppfylla kröfurnar í UAS.SPEC.020 í viðaukanum.

Slíkar yfirlýsingar skulu falla úr gildi frá og með 2. desember 2025.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
